



Fundur fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar

5. apríl 2024

Mætt eru: Thomas Helmið, Sigríður Vigfúsdóttir, Preben Jón Pétursson og starfsmenn SSNE þær Díana Jóhannsdóttir og Elva Gunnlaugsdóttir.

Fundur settur kl. 12:30 á Teams.

Dagskrá:

1. Kynning á úthlutun Uppbyggingarsjóðs 2024

Díana fer yfir úthlutun Uppbyggingarsjóðs árið 2024, skiptingu milli flokka og sveitarfélaga. Umræða skapast um skiptingu milli flokka og hvort hægt sé að bregðast við takmörkuðum fjölda umsókna í atvinnu- og nýsköpun.

2. Kynning á áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2024

Elva fór yfir áhersluverkefni ársins 2024 og framlag stjórnvalda til Sóknaráætlunar, en Umhverfissráðuneytið ákvað nýlega að taka þátt og setja inn sérstakt framlag í Sóknaráætlun.

3. Hlutfall atvinnu- og nýsköpunarverkefna í úthlutun 2024

Umræða var um hlutskipti atvinnu- og nýsköpunarverkefna í úthlutun ársins 2024 sem og fyrri ára. Rætt hvort hægt væri að kynna Uppbyggingarsjóð bein fyrir frumkvöðlum og lagt til að skoða það sé efni í hugsanleg frumkvöðlahádegi, jafnframt rætt um að nýta samráðsvettvang atvinnulífsins. Uppbyggingarsjóður og SSNE hafa aldrei verið sýnilegri svo líklega spilar gott atvinnu ástand einnig inn í fjölda umsókna. Haldið áfram að fylgjast með fjölda umsókna og þessari þróun.

4. Önnur mál

a. Sóknaráætlun

Elva kynnti vinnulag við gerðar nýrrar Sóknaráætlunar fyrir fagráðinu. Rætt um að nýta fagráðið við vinnuna og fá endurgjöf frá þeim á niðurstöður.

b. Samráðsvettvangur atvinnulífsins

Elva sagði frá nýstofnuðum samráðsvettvangi atvinnulífsins og hlutverki hans.

c. Fulltrúi fagráðs atvinnu og nýsköpunar í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs

Thomas hefur setið í úthlutunarnefnd fyrir hönd fagráðsins en er tilbúinn að láta af sæti sínu ef einhver eru áhugasöm um að taka þátt.

d. Næstu fundir

Rætt um að boða næsta fund fyrir sumarfrí og horft til fyrstu vikunnar í júní.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 13:40.